

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-21/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. mars sl. bað X, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur sá er lýst er í álitsbeiðni er við fyrirtækið Y, og varðar fjárhæð reikninga fyrir ákveðinni þjónustu fyrirtækisins en álitsbeiðandi telur sig hafa ofgreitt fyrir þjónustuna og krefst endurgreiðslu.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Það er ljóst að ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu símafyrirtækis. Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er kveðið á um það til hvernar þjónustu lögin ná og segir um það eftirfarandi í 1. gr. laganna:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir.

Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Samkvæmt framangreindum lagaákvæðum er ljóst að kaup á þjónustu símafyrirtækis falla ekki undir þjónustukaupalögin og ekki verður heldur séð að þau falli undir lög um lausafjárkaup eða neytendakaup. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kæruneftndin telur rétt að vekja athygli álitsbeiðanda á því að vera kann að Póst- og fjarskiptastofnun telji sér skylt að taka afstöðu til ágreinings eins og þess sem hér er til umfjöllunar án þess að nefndin geti um það fullyrt.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir